


**Greinargerð með tillögu að stefnu,
sem lögð er fyrir Landsfund Sjálfsbjargar 25. apríl 2025**

Stjórn Sjálfsbjargar ákvað á fundi sínum þann 7.5.2024 að þörf væri á að endurskoða tilganginn með starfi Sjálfsbjargar og skilgreina jafnframt hverjar áherslurnar í starfi landssambandsins ættu að vera. Í því skyni var ákveðið að fara í stefnumótun fyrir Sjálfsbjörg lsh. Framtíðarnefnd félagsins var falið að sjá um verkefnið og Hrönn Pétursdóttir stefnumótunarráðgjafi var fengin til að leiða vinnuna.

Stefnumótunarvinnan hófst í september 2024 en þá var stjórn landssambandsins, framtíðarnefnd, formönnum og fulltrúum aðildarfélaganna boðið til stefnumótunarfundar. Tilgangur fundarins var að greina stöðu Sjálfsbjargar lsh. og fá fram sjónarhorn á því hvað væri mikilvægt að landssambandið legði áherslu á í starfinu á næstu árum. Efnið sem kom frá fundinum var notað til að móta tillögur að hlutverki, framtíðarsýn, gildi og grunn starfspáttum Sjálfsbjargar. Þær tillögur voru lagðar fyrir sama hóp á öðrum stefnumótunarfundi sem haldinn var í nóvember 2024. Tillögurnar fengu þar góðan hljómgrunn og stuðning til áframhaldandi vinnslu. Í framhaldi var unnið að því að skýra ítarlegar markmið og áherslur starfsins, út frá því sem þegar hafði verið samþykkt. Niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt hópnum á þriðja stefnumótunarfundinum sem átti sér stað í febrúar 2025 og fékk þar áfram jákvæð viðbrögð. Milli stefnumótunarfundanna þriggja hittist framtíðarnefnd í all mörg skipti með ráðgjafa og vann efnið og tillögurnar.

Byggt á þeirri miklu vinnu sem búin er þá leggja stjórn og framtíðarnefnd Sjálfsbjargar hér fram tillögu að stefnu Sjálfsbjargar. Óskað er eftir stuðningi landsfundarfulltrúa við þessa tillögu, og að stjórn verði falið að fylgja framkvæmd hennar eftir sem og endurskoðun eftir þörfum.

F.h. stjórnar Sjálfsbjargar lsh.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður.